

AUGLÝSING

119

4. ágúst

um staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 9 11. jan. 1934.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað:

1. gr.

6. gr. lögreglusamþykktarinnar orðist þannig:

Á almannaferi má eigi kveikja í púðri, skoteldum eða sprengiefnum, og bera logandi blys, nema með leyfi lögreglustjóra. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkja má aðeins gera með sérstöku leyfi eða samþykki lögreglustjóra, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á eða fyrir almannaferi og hvergi að óþörfu á kaupstaðarlóðinni. Sömuleiðis er öll veiði með skotum og öll skot að óþörfu bönnuð í landareign kaupstaðarins og innan takmarka hafnarinnar. Eggjataka í Hólmunum og annars staðar í landareign kaupstaðarins er bönnuð.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 4. ágúst 1944.

Einar Arnórsson.

Ragnar Bjarkan.

SAMÞYKKT

120

8. ágúst

um breyting á samþykkt nr. 41 11. apríl 1929, um sýsluvegasjóð Dalasýslu.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Í Dalasýslu skulu vera þessir sýsluvegir:

1. Hörðudalsvegur. Af þjóðveginum hjá Hörðudalsá fram hjá Tungu.
2. Hálsbæjarvegur. Frá Snóksdalslæk að Bæjarbökkum.
3. Vegurinn frá Tunguárbrú ofan Sauðafells að Fellsendalæk.
4. Kvinnabrekkuvegur. Af þjóðveginum heim að Kvinnabrekku.
5. Haukadalsvegur. Frá Haukadalsbrú að Krossi.
6. Lækjarskógsvetur. Af þjóðveginum hjá Þorbergsstöðum að Lækjarskógi.
7. Laxárdalsvegur nyrðri. Frá þjóðveginum fyrir ofan Búðardal um Goddastaðahlíð að Gillastaðarétt.
8. Ljárskógavegur. Frá Hjarðarholti að Ljárskógum.
9. Sjúkraskýlisvegur. Af þjóðveginum heim að læknisbústaðnum í Búðardal.
10. Búðardalsvegur. Frá kaupfélaginu til sýslumannshússins.